

Um Nuölu Ní Dhomhnail

Nuala Ní Dhomhnail fæddist árið 1952 í Lancashire-héraði á Englandi en þegar hún var barn að aldri fluttust foreldrar hennar aftur til heimahaga sinna á Írlandi. Þó svo að báðir væru foreldrarnir írskumælandi og írski væri töluð á heimilinu lagði móðir Nuölu ríka áherslu á að tala við hana á ensku svo hún kæmist áfram í lífinu.

Nuala lagði stund á ensku og írsku í Háskólanum í Cork og þar stofnaði hún, ásamt nokkrum samnemendum sínum, ljóðakollektívið INNTI árið 1970 og gáfu þau út tímarit með sama nafni. Meðlimir ortu á írsku en í stað hefðbundinna efnistaka um sveitasælu (og volæði) sóttu þau innblástur í borgarmenninguna auk bandarískrar andmenningar sem fór sem eldur í sinu um heimsbyggðina á þeim tíma. Þannig vildu þau koma í veg fyrir að írski einangraðist sem bókmenntamál. Ekki voru allir hrifnir af þessu uppátæki og mátti hópurinn sæta hatrammri gagnrýni frá ýmsum framvörðum írskrar menningar, sem voru hreint ekki opnir fyrir því að írski væri notuð til að yrkja um úrkynjaða og enskurotna borgarmenningu.

Fyrsta ljóðabók Nuölu, *An Dealg Draighin* (Þyrniplómuþyrnirinn), kom út árið 1981 og síðan hafa átta ljóðabækur fylgt í kjölfarið. Hún hefur nú fest sig í sessi sem eitt fremsta ljóðskáld Íra og ljóðabrot eftir hana var til að mynda prentað í nýjustu gerð írski vegabréfsins við hlið ljóðabrota eftir ekki minni skáld en William Butler Yates og James Orr.

Nuala yrkir eingöngu á írsku og segist sjálf ekki geta ort á ensku, þótt tvítyngd sé. Hún segir írsku hafa ákveðna eiginleika sem enskan hreinlega hafi ekki og því geti hún ekki sagt það sem hún vill segja á ensku. Nuala nýtir sér mikið írskar goðsagnir í ljóðum sínum, og

Þá sérstaklega kvenkyns goðsagnapersónur, og spila femínismi og birtingarmynd kvenleikans stórt hlutverk í ljóðum hennar, enda segist hún ekki vilja að bókmenntir á írsku einskorðist við gömul, úrelt og mestmegnis karllæg gildi.

Ljóðið *Ceist na Teangan*, sem hér fer á eftir, sækir þó efni sitt ekki í írskar goðsögur heldur Biblíuna. Ljóðið má finna í tvímála ljóðabókinni *Pharaoh's Daughter* (Dóttir Faraós) sem kom út árið 1990. Þar birtast ljóð Nuölu bæði á írsku og í enskum þýðingum margra af mikilvirtustu ljóðskáldum Íra, þar á meðal nóbelskáldsins Seamus Heaney.

Ljóðið lýsir viðkvæmu ástandi írskunnar, hún sé á barmi þess að deyja út og það eina sem skáldið geti gert sé að treysta henni fyrir vonum sínum og senda út í óvissuna.

Ceist na Teangan

Cuirim mo dhóchas ar snámh
i mbáidín teangan
faoi mar a leagfá naíonán
i gcliabhán
a bheadh fite fuaite
de dhuilleoga feileastraim
is bitíúmin agus pic
bheith cuimilte lena thóin
ansan é a leagadh síos
i measc na ngiolcach
is coigeal na mban sí
le taobh na habhann,
féachaint n'fheadaraís
cá dtabharfaidh an sruth é,
féachaint, dála Mhaoise,
an bhfóirfidh iníon Fharoinn?

Spurningin um tungumálið

Ég set vonir mínar á flot
í bátskel tungumálsins
líkt og hvítvoðung
í vöggu
sem fléttuð er
úr sverðliljulaufum,
botninn roðinn
jarðbiki og hrátjöru,
kem henni því næst fyrir
innan um reyrgresið
og papýrussefið
við árbakkann,
fylgist með án þess að vita
hvert straumurinn muni bera hana,
fylgist með, eins og fór með Móses,
mun dóttir Faraós koma til bjargar?

Gunnbildur Jónatansdóttir þýddi úr írsku

Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Angela Rawlings (f. 1978) er fjöllistakona, ritstjóri og listkennari sem hefur doktorsgráðu í leikhúsfræðum og sviðslist frá Háskólanum í Glasgow.

Vefsíða: <http://arawlings.is>

Birna Arnbjörnsdóttir (f. 1952) er prófessor í annarsmálsfræðum og deildarforseti Mála- og menningardeildar við Háskóla Íslands.

Netfang: birnaarn@hi.is

Chiquita Barreto (f. 1947) er paragvæskur kennari, uppeldis- og kennslufræðingur, leikstjóri og rithöfundur.

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: erlaerl@hi.is

Delfina Acosta (f. 1956) er paragvæskt skáld og rithöfundur.

François Heenen (f. 1957) lauk doktorsprófi í málvísindum frá Háskólanum í Vínarborg og meistaragráðu í frönsku frá Háskóla Íslands. Hann er aðjunkt í frönsku við Háskóla Íslands.

Netfang: ffh@hi.is

Geir Sigurðsson (f. 1969) er doktor í heimspeki frá Hawaii-háskóla í Bandaríkjunum og prófessor í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands.

Netfang: geirs@hi.is

Geir Þ. Þórarinsson (f. 1978) lauk MA-prófi í klassískum fræðum og heimspeki fornaldar frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum og er nú aðjunkt í klassískum málum við Háskóla Íslands.

Netfang: gtt@hi.is

Gunnhildur Jónatansdóttir (f. 1986) lauk meistaraþrófi í keltneskum fræðum frá University College Cork og meistaraþrófi í ritlist frá Háskóla Íslands. Hún leggur stund á ritstörf og þýðingar.

Netfang: *guj33@hi.is*

Hans Henny Jahnn (1854–1959) var þýskur skáldsagnahöfundur og leikskáld.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er sagnfræðingur og fyrrverandi prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Netfang: *helgisk@hi.is*

Hjörleifur Rafn Jónsson (f. 1961) lauk doktorsþrófi frá Cornell-háskóla og er prófessor í mannfræði við Ríkisháskóla Arizona (Arizona State University) í Bandaríkjunum.

Netfang: *hjonsson@asu.edu*

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsþrófi í spænsku, með áherslu á bókmenntir Rómönsku-Ameríku, frá Texasháskóla í Austin árið 2001. Hún er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands.

Netfang: *holmfr@hi.is*

Kristín Ingvarsdóttir (f. 1973) lauk doktorsþrófi frá Hitotsubashi-háskóla í Tókýó árið 2006 og er nú lektor í japönskum fræðum við Háskóla Íslands.

Netfang: *kristini@hi.is*

Lara W. Hoffmann (f. 1990) er doktorsnemi í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og starfar rannsóknarverkefnið „Inclusive Societies? The Integration of Immigrants in Iceland“ sem er styrkt af Rannís (Rannsóknamiðstöð Íslands).

Netfang: *laraw@unak.is*

Lýsías (uppi á 5. öld f.o.t.) var forngrískur ræðuhöfundur.

Neida Bonnet de Mendonça (f. 1933) er argentínskur kennari og rithöfundur.

Nuala Ní Dhomhnaill (f. 1952) er írskt skáld.

Randi W. Stebbins (f. 1971) er forstöðukona Ritvers Háskóla Íslands, skáld, og einn af stofnfélögum Óss Pressunnar.

Netfang: *rws@bi.is*

Síðaóruang (f. 1943), réttu nafni Wanna Sawatsrí, er tælenskur rithöfundur.

Tómas frá Celano (f. um 1185 eða 1190, d. 1260) var ítalskur munkur, rithöfundur og skáld.

Þorgerður Anna Björnsdóttir (f. 1985) lauk BA-prófi í kínverskum fræðum og almennum málvísindum frá Háskóla Íslands. Kínverskukennari og verkefnastjóri hjá Konfúsíusarstofnuninni Norðurljós.

Netfang: *tab@bi.is*

Þórhallur Eyþórsson (f. 1959) lauk doktorsprófi frá Cornell-háskóla og er prófessor í málvísindum við Háskóla Íslands.

Netfang: *tolli@bi.is*

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er adjunkt í dönsku við sama skóla.

Netfang: *thorbild@bi.is*